



# ÖLGERÐIN AF ÁBYRGÐ








## EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Fyrirtækið .....	6
Markaðurinn.....	16
Samfélagið.....	22
Umhverfið.....	27
Lokaorð.....	32
Skipurit Ölgerðarinnar.....	33

# INNGANGUR

Ölgerðin framleiðir, flytur inn og selur matvæli og sérvöru af fjölbreyttum toga. Sumar af þessum vörum eru alla jafna álitnar óhollar sé þeirra neytt í óhófi. Stefna Ölgerðarinnar er að starfa af ábyrgð gagnvart neytendum sínum og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt, samfélag og samstarfsaðila með því að vinna að stöðugum umbótum í rekstri auk þess að fræða hagsmunaaðila sína um samfélagslega ábyrgð og stuðla að aukinni hreyfingu barna og fullorðinna.

Undanfarið hefur fyrirtækið gengið í gegnum töluverðar skipulagsbreytingar með það að leiðarljósi að veita viðskiptavinum betri þjónustu, einfalda ferla innan fyrirtækisins og auka þannig ánægju viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri. Samfélagsábyrgð er ekki hilluvara – hún er hugarfar sem þarf að vera inngreipt í starfsemi fyrirtækisins, starfsfólk þess og eigendur. Ölgerðin leggur sig fram um að menning fyrirtækisins styðji við stöðugar umbætur, gæðastarf, öryggi og umfram allt hagkvæmni í rekstri. Aðeins með þeim hætti getum við skarað framúr og orðið ofaná í samkeppninni. Með því að vinna að stöðugum umbótum gerir Ölgerðin allt sem í sínu valdi stendur til þess að tryggja að framþróun eigi sér stað og soun sé í lágmarki. Allt sem við gerum, gerum við af ábyrgð gagnvart;



Í hverjum flokki höfum við sett okkur krefjandi markmið og verkefni. Árlega eru þessi markmið síðan mæld og endurskoðuð í samhengi við þann árangur sem náðst hefur.



Í fyrra kom fyrsta skýrsla Ölgerðarinnar um samfélagsábyrgð út og var ákveðið að skrifa undir Global Compact sáttmála Sameinuðu Þjóðanna á sama tíma. Samningurinn um þátttöku í Global Compact þýðir að Ölgerðin þarf meðal annars að gera grein fyrir árangri sínum í málaflokkum á borð við mannréttindi, vinnuumhverfi, umhverfismál og spillingu.

Skýrslan í ár er byggð upp á annan hátt en sú sem kom út í fyrra. Markmið síðasta árs eru gerð upp og ný markmið eru sett. Þau 100 verkefni sem unnið var að árið 2013 og gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu eiga ekki öll lengur við en unnið er með mörg þeirra áfram.

Við hjá Ölgerðinni höfum þá trú að íslensk fyrirtæki geti orðið fremst á meðal jafninga þegar kemur að samfélagsábyrgð. Til þess þarf þó samstillt átak stjórnvalda, atvinnulífsins og neytenda. Sú vitundarvakning sem átt hefur sér stað á meðal framsækinnna fyrirtækja í íslensku atvinnulífi er aðeins byrjunin á löngu ferðalagi. Ferðalagi sem verður þeim sjálfum og samfélaginu öllu til góðs.

**Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar**




**9%**  
markmiða sameinuð öðrum,  
eru ekki hafin eða lögð af



**21%**  
markmiða eru  
enn í vinnslu




# VIÐ STÓÐUM OKKUR VEL ÁRIÐ 2014




## ÞRÓUN VELTU

í milljónum



## HLUTFÖLL Í REKSTRI



# LYKILTÖLUR 2014

Hráefni og umbúðir

7%

Sérvara

6%

Óáfengir drykkir

30%

Bjór og áfengi


22%

Kaffi og matvara

35%

## HLUTFÖLL VÖRUFLOKKA

## EBITDA





# FYRIRTÆKIÐ

Ölgerðin er rótgróið fyrirtæki sem byggir á áralöngum hefðum og venjum sem löngu eru orðnar hluti af íslenskrri menningu. Fyrirtækið hefur gengið í gegnum miklar breytingar og er stöðugt að stækka og auka vöru og þjónustuframboð. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að verða fyrsta val neytenda sinna og viðskiptavina. Til þess að sú sýn verði að veruleika þurfa að eiga sér stað stöðugar umbætur til að mæta þörfum stækkandi hóps viðskiptavina og vera feti frammar í samkeppni sinni við önnur fyrirtæki.

Árið 2014 byrjaði Ölgerðin a vinna með nýja aðferðarfræði sem kallast 4DX (Four Disciplines of Execution, sjá nánar [hér](#)). Aðferðarfræðin snýst um að ná fram breytingum á hugarfari með sameiginlegum markmiðum og leiðum að þeim sem vænlegar eru til að skila árangri.

Margar góðar hugmyndir frá starfsmönnum hafa komið fram í 4DX vinnunni og hafa flestar verið innleiddar. Til dæmis komu starfsmenn í framleiðslusal auga á tækifæri til minnka notkun á færíbandasápu og auka öryggi um leið. Sápu var skammtað inn á böndin stanslaust meðan þau voru í gangi, miklu meira en þörf var á. Þessi ofnotkun orsakaði sleipt gólf og slysaðu fyrir starfsmenn og hafði slæm áhrif á umhverfið. Þessu fylgdi einnig óþarfa kostnaður og var því uppsetningu á skammtara breytt. Nú er notuð helmingi minni sápa án þess að það hafi áhrif á framleiðslugetu eða gæði.

Bókhaldið kom á rafrænum viðskiptum við okkar helstu viðskiptamenn svo sem Íslandsbanka og Vodafone sem sparaði bæði mikla vinnu í bókhaldi sem og mikinn pappír í prentun. Það var sett upp milliloft til að bæta vinnuaðstæðu og minnka slysaðu við tanka í blöndun á drykkjum í framleiðslu. Þetta eru aðeins örfá dæmi sem komu út úr vinnunni en gefa ágæta mynd af hverjar áherslurnar voru á árinu 2014







sem og önnur grundvallar mannréttindi til allra sinna samstarfsaðila.

Global Compact viðmiðin segja fyrir um afnám barna-, nauðungar- og þræklunarvinnu og að sjálfsögðu tekur Ölgerðin mið af því í allri sinni starfsemi. Ölgerðin gerir skriflegan ráðningarsamning við alla starfsmenn þegar þeir hefja störf þar sem tilgreind eru laun, kröfur og vinnutími. Ölgerðin ræður aldrei börn undir 16 ára aldri til vinnu og velur sér birgja sem sjálfir tryggja þessi viðmið.



## STARFSÁNÆGJA


Helstu verðmæti Ölgerðarinnar felast í mannauði fyrirtækisins. Hæft, vel þjálfað, reynslumikið og ánægt starfsfólk færir Ölgerðinni raunverulegt samkeppnisforskot og því er mikilvægt er að starfsfólki Ölgerðarinnar líði vel. Starfsánægja er mæld reglulega og náð er fylgst með þróun hennar. Niðurstöður þessara mælinga eru síðan nýttar til úrbóta. Þær eru einnig birtar og kynntar starfsmönnum sem og markmið fyrirtækisins.

Starfsánægja er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda góðu starfsfólki í vinnu hjá Ölgerðinni, þjálfa það upp og byggja þannig upp enn dýpri og verðmætari þekkingarbrunn. Með vel þjálfuðu starfsfólki getur fyrirtækið veitt framúrskarandi þjónustu og nálgast framtíðarsýn sína um að verða fyrsta val viðskiptavina sinna og neytenda.

Markmið Ölgerðarinnar á síðasta ári var að starfsánægja mældist að meðaltali yfir 85%. Mælingar sýndu að meðaltal ársins var 85,6% og því náðist þetta markmið.

Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs er mikilvægur þáttur starfsánægju. Sveigjanleiki og aðstaða á vinnustað skiptir þar miklu máli. Ölgerðin heldur áfram að vinna að því að starfsfólk fái þann sveigjanleika í vinnu sem þörf er á og að draga úr yfirvinnu. Þá hefur Ölgerðin stutt við kjarabaráttu sinna starfsmanna ásamt því að hafa stutt félagafrelsi starfsfólks síns frá því fyrirtækið var stofnað. Ölgerðin gerir kröfur um slíkt hið sama

## Starfsánægja



## HAGSMUNAAÐILAR

Við mat á samfélagslegri ábyrgð er mikilvægt að skilgreina hlutverk lykilhagsmunaaðila fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni skiptast þeir í sjö hópa: Samstarfsaðila, eigendur, viðskiptavinir, starfsmenn, stjórnvöld, neytendur og birgja og þjónustuaðila. Ölgerðinni er það afar mikilvægt að veita ekki aðeins öllum sínum hagsmunaaðilum áheyrn heldur að einnig sé unnið að því að virkja þá til samvinnu.

Þessir hópar eru taldir upp sem lykilhagsmunaaðilar fyrirtækisins en að sjálfsögðu vinnur Ölgerðin einnig með hagsmunaaðilum á borð við háskólasamfélaginu, samkeppnisaðilum og félagasamtökum til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.




Starfsfólk Ölgerðarinnar tók þátt í **Ísfötuáskorun** til að vekja athygli á **MND sjúkdómnum**. Áskorunin birtist á samfélagsmiðlum út um allan heim og lagði Ölgerðin jafnframt fram 100.000 kr. til styrktar málefni.

Í september hittist hópur starfsmanna fyrir utan fyrirtækið með fötur fullar af Appelsíni og klaka og skelltu því yfir sig.



## NÚLLSLYSASTEFNA

Öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fræðslu, öflugri nýliðabjálfun, góðum tækjakosti og aðbúnaði ásamt skýru verklagi er reynt að koma í veg fyrir öll slys. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar þau mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind og í kjölfarið gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Einnig eru haldnar skráningar á næstum því slysum þar sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.



Próun fjölda vinnustunda frá vinnu vegna vinnuslysa, greinileg þörf á breytingum.

Fjöldi vinnustunda frá vinnu vegna vinnuslysa hefur aukist ár frá ári en sumarið 2014 reyndist sérstaklega erfitt með of mörgum slysum sem betur fer voru þó flest minniháttar.

Eftir sumarið var því breytt um stefnu í öryggismálum Ölgerðarinnar. Lagst var í mikla greiningarvinnu á því hvernig hægt væri að draga úr slysum og efla öryggisvitund meðal starfsfólks. Öryggi starfsmanna var skilgreint sem forgangsmatið og hópar þvert á fyrirtækið myndaðir til að núllslysastefnu fyrirtækisins.

Vinna hópanna snerist um að ná til flestra starfsmanna, ræða við þá um öryggismál og fá hugmyndir að úrbótum. Farið var í vikulegar öryggisúttektir á öllum svæðum. Talað var við yfir 40 starfsmenn vikulega um öryggismál og allir starfsmenn í vöruhúsi, framleiðslu og dreifingu fóru í gegnum öryggisnámskeið á vegum Vinnueftirlitsins.

Mikill árangur náðist á síðustu mánuðum ársins 2014 þar sem slysum fækkaði verulega í kjölfar þeirra aðgerða sem hóparnir unnu að. Að viðhalda núllslysastefnu er hins vegar verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál að sjálfsögðu áfram vera í brennidepli hjá fyrirtækinu.



## SAMSKIPTI

Unnið er markvisst að því að miðla fréttum af starfi Ölgerðarinnar til starfsfólks. Nýjar vörur eru kynntar, sagt frá viðburðum, heimsóknum birgja, verðlaunum eða öðru sem tengist starfsemi. Það er gert á fundum, á innraneti eða skjám fyrirtækisins, í tölvupósti eða í JÁ fréttum, fréttablaði Ölgerðarinnar sem gefið er út þrisvar sinnum á ári og er sent í pósti heim til starfsmanna. Á hverjum föstudegi eru t.d. haldnir stuttir upplýsingafundir þar sem u.þ.b. 70 manns koma sama. Árlega er haldinn vinnufundur sem allir starfsmenn sækja og kallast JÁ dagurinn.

## JAFNRÉTTISSTEFNA


Það er stefna Ölgerðarinnar að alls staðar í fyrirtækinu sé fyllsta jafnréttis gætt óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, litarhafti, trú eða stjórnmálaskoðunum. Hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum.

Markmið Ölgerðarinnar er að vera eftirsóttur vinnustaður í huga beggja kynja. Við viljum stuðla að því að jafna kynjahlutföll í starfsmannahópnum og að Ölgerðin sé vinnustaður þar sem jafnvægi gætir á milli vinnu og einkalífs. Þá er það ætlun fyrirtækisins að að auglýsingar og annað markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kvenna og karla í íslensku samfélagi.


Til að ná markmiðum okkar mælum við reglulega árangur í jafnréttismálum. Í því árangursmati felst m.a. markviss rýni á laun út frá kyni, mæling á kynjahlutföllum í

starfahópum og mæling á viðhorfi starfsmanna til jafnréttis. Þá fá stjórnendur fræðslu um jafnréttismál og lögð er sérstök áhersla á vitund um jafnréttismál hjá markaðs- og söludeildum. Í dag er hlutfall kvenna sem stjórnendur hærra en heildar starfsmannahlutfall kvenna.

Ölgerðin leggur áherslu á að jafna kynjahlutföllin enn frekar og vinnur staðfastlega að því að fá fleiri konur til starfa í öllum deildum fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni er til að mynda starfað eftir aðgerðaráætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu, sem gerð er til tveggja ára í senn, með árlegri endurskoðun. Nánari upplýsingar um jafnréttisstefnuna má nálgast [hér](#) undir starfsmannastefnu.



Kynjaskipting - Allir



Kynjaskipting - Stjórnendur

● Konur  
● Karlar

## JAFNLAUNASTEFNA

Ölgerðin hefur hlotið jafnlaunavottun VR og greiðir konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu eða jafn verðmæt og sambærileg störf. Markmið stefnunnar er að koma í veg fyrir kynbundinn launamun og, eins og áður segir, að Ölgerðin sé eftirsóttur vinnustaður í huga beggja kynja.

Við ráðningu á nýjum starfsmanni er tekið mið af þeim kröfum sem starfið gerir með tilliti til ábyrgðar, álags, sérhæfni og þarfa almennt, það sama á við um laun. Árlega er unnin launaúttekt, þar sem störf sem þykja jafn verðmæt eru borin saman og athugað hvort munur mælist á launum eftir kyni. Þá eru reglulega innri úttektir hvað þetta varðar. Einnig er farið árlega yfir gildandi lög og reglugerðir um jafnlaunamál og kannað hvort þau eru ekki uppfyllt. Þannig tryggir Ölgerðin að stefnan sé uppfyllt og að stöðugt sé unnið að umbótum.







## HEILSA

Í mars mánuði á ári hverju er haldin heilsu- og öryggisvika hjá Ölgerðinni. Markmið viðburðarins er að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi, hvort sem er í starfi eða leik.

Vikan samanstendur af fjölbreyttum viðburðum, námskeiðum og fyrirlestrum. Þá er hollt mataræði haft í fyrirrúmi og reynt að hafa fyrirkomulag þannig að sem flestir starfsmenn geti fundið sér eitthvað við hæfi. Árið 2014 sóttu yfir 200 starfsmenn hina ýmsu viðburði heilsu og öryggisviku og markmiðið fyrir 2015 er að allir starfsmenn nýti sér á einn eða annan hátt þá þjónustu og dagskrá sem í boði er.

Mötuneyti Ölgerðarinnar býður starfsmönnum upp á hollan og fjölbreyttan mat. Þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi og ávaxta- og salatbarinn er alltaf opin.

## Yfir 200 starfsmenn sóttu viðburði heilsu og öryggisvikunnar árið 2014



### HJÓLAÐ Í VINNUNA

Sífelld fleiri starfsmenn kjósa að nota hjól til að komast í og úr vinnu. Starfsmenn sem það gera eru hvattir til að sýna ávallt íturstu varkárni og nota viðeigandi öryggisbúnað. Ölgerðin hefur útvegað hjólaflóki í fyrirtækinu merkt sýnileikavesti og býður upp á hjólageymslu í upphituhu skýli.

Fyrir árið 2014 var sett markmið um að fleiri starfsmenn tækju þátt í átakinu Hjólað í vinnuna og að hjólaðir yrðu fleiri en 2500 km. Þetta markmið náðist en þeir starfsmenn sem skráðir voru í átakið hjóluðu samanlagt 2566 km.

**Jón Sindri Tryggvason**, yfirvélstjóri á vélaverkstæði, býr í Vogahverfinu og hjólar á hverjum degi um 8,8 km í og úr vinnu í öllum veðrum. Jón hjólar því árlega um 2000 km á milli vinnustaðar og heimilis en þar fyrir utan hjólar hann líklega annað eins ef ekki meira sér til ánægju og heilsubótar.



## Áslaug Sigurðardóttir, starfsmaður í vörustjórnun

Áslaug hefur starfað hjá Ölgerðinni í 20 ár. Hún byrjaði í sumarafleysingum og fór svo þaðan í starf á skrifstofu og afleysingar í vöruafgreiðslu á lager. Áslaug hefur síðustu 20 ár unnið við fjölbreytt störf á borð við tollskýrslugerð, bókhald, sem vörumerkjastjóri og starfsmaður hjá Iceland Spring. Áslaug sinnir nú starfi vörustjóra í Vörustjórnun og er afar verðmætur starfsmaður fyrir Ölgerðina enda býr hún yfir mikilli reynslu og þekkingu sem gott er að geta gengið að.

### Sýn Áslaugar á Ölgerðina:

„Það sem einkennir vinnustaðinn að mínu mati er hversu mikið hann hefur þróast á þeim árum sem ég hef starfað hér. Vinnustaðurinn sem ég byrjaði hjá fyrir tæpum 20 árum er ekki sá sami og ég vinn hjá í dag. Drifkraftur starfsfólksins og keppnisandinn um að gera alltaf betur og finna nýjar og betri leiðir er lýsandi fyrir Ölgerðina. Skýr skilaboð stjórnenda um að ná árangri þykir mér hvetjandi og gerir starfið lifandi.“

## ÞJÁLFUN OG ENDURMENNTUN

Starfsmenn Ölgerðarinnar eru dýr-mætasta auðlind fyrirtækisins. Þeir sjá ekki aðeins um raunverulega verðmæta-sköpun í fyrirtækinu heldur er það fyrir þeirra dugnað og áræðni sem viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa keypt vörur fyrirtækisins með bros á vör í yfir hundrað ár. Það er því mikið kappsatriði fyrir Ölgerðina að sjá til þess að starfsmönnum fyrirtækisins líði vel við störf sín og að þeir vaxi og dafni í takt við árangur Ölgerðarinnar. Einna mikilvægast er að starfsmenn njóti góðrar þjálfunar sem skili sér í aukinni ábyrgð og umbun.

Ölgerðin leggur mikla áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri til að njóta framgangs í starfi og vinnur markvisst að því að þjálfa upp ábyrga og metnaðarfulla starfsmenn.

## ÖLGERÐARSKÓLINN

Allir nýir starfsmenn fara í gegnum Ölgerðarskólann. Í skólanum er fyrirtækið kynnt og fyrir hvað það stendur. Forstjóri og stjórnarformaður fara yfir sögu fyrirtækisins og rekstur og framkvæmdastjórnar kynna sín svið. Frá árinu 2011 hafa 250 nemendur farið í gegnum skólann og á árinu 2014 útskrifuðust 63 nýir Öl-

---

# 483

**starfsmenn nýttu sér námskeið árið 2014**

---

gerðarstarfsmenn úr Ölgerðarskólanum. Árið 2014 voru einnig haldin 14 önnur námskeið innanhús sem 483 þátttakendur nýttu sér.

## ÞRÓUN Í STARFI

Ölgerðin er fjölbreyttur en fyrst og fremst skemmtilegur vinnustaður. Hjá okkur starfar fólk með fjölbreyttan bakgrunn og menntun. Má þar meðal annars nefna bakara, þjóna, matreiðslumenn, snyrtifræðinga, meiraprófsbilstjóra, viðskiptafræðinga, verkfræðinga, sálfræðinga, lífeindafræðinga, matvælafræðinga, stjórnmálafræðinga, leikara, plötusnúða, bruggmeistara og líffræðinga.

Ölgerðin er yfir 100 ára og býr yfir langri og farsælli sögu. Við leggjum mikið upp úr því að leyfa starfsfólki okkar að vaxa í starfi enda breytist umhverfið fyrirtækið starfar í hratt og því þarf Ölgerðin að búa yfir ákveðinni aðlögunarhæfni.



## STARFASKIPTI

Ölgerðin leggur mikið upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til þess að stöðugt sé hægt að bæta þjónustu fyrirtækisins. Til þess að efla skilning á störfum hvers annars fara starfsmenn í svokölluð starfaskipti þar sem starfsmenn heimsækja aðrar deildir en þeir starfa á dags daglega og eyða a.m.k. hálfum degi með starfsmönnum annarra vinnustöðva og læra af þeim. Þegar nýir starfsmenn hefja störf fara þeir með reglulegu millibili í starfaskipti, sem er góð leið til þess að kynna þeim starfsemi fyrirtækisins og auðvelda þeim að komast í kynni við samstarfsfélaga sína. Árið 2014 fóru yfir 80 manns í starfaskipti.



## STARFASKIPTI

### LÆRUM AF HVORU ÖÐRU



**Gildi Ölgerðarinnar voru sett upp fyrir nokkrum árum af starfsmönnum Ölgerðarinnar.**

**Gildin eru lýsandi fyrir menningu Ölgerðarinnar og marka ákvarðanir fyrirtækisins og hegðun.**



Árlega er haldinn vinnufundur sem allir starfsmenn Ölgerðarinnar sækja, en hann kallast **JÁ dagurinn**. Á JÁ deginum eru starfsmenn upplýstir um rekstur og stöðu fyrirtækisins, farið yfir nýjungar, stefnur og strauma.

Samkeppnisforskot Ölgerðarinnar felst í þekkingu og mannaúði og því er einnig hluti JÁ dagsins notaður í teymisvinnu þar sem starfsmenn vinna saman við að leita leiða til umbóta.

## JÁKVÆÐNI

- Okkur finnst gaman í vinnunni og erum jákvæð í garð breytinga
- Við viljum hafa gott umhverfi og sýna hvoru öðru skilning
- Við notum öll tækifæri til að fagna sigrum í öllum deildum fyrirtækisins
- Við erum ein liðsheild og allir leggja sitt af mörkum til að ná markmiðum fyrirtækisins
- Við sýnum samstarfsfólki okkar virðingu

## ÁREIÐANLEIKI

- Við erum með rétta vöru, á réttum stað, í réttu magni og á réttum tíma
- Við stöndum við orð okkar
- Við gerum mistök eins og aðrir en lærum af þeim
- Allar vörur okkar eru fyrsta flokks og því verður aldrei fórnað
- Allt er gæði. Við gætum trúnaðar í meðhöndlum upplýsinga
- Við höfum hugrekki til að taka á vandamálum áður en þau verða of stór og viðurkennum mistök

## HAGKVÆMNI

- Við leitum alltaf hagkvæmstu leiða í innkaupum, framleiðslu og fjárfestingum
- Við sýnum ábyrgð og frumkvæði til að bæta reksturinn
- Til að lifa af þarf fyrirtækið að vaxa hraðar en samkeppnisaðilar
- Við berum virðingu fyrir vinnuumhverfi okkar og tækjum


## FRAMSÆKNI

- Við sýnum frumkvæði og þorum að taka áhættu þegar það á við
- Við ætlum alltaf að vera feti framari í þjónustu, nýjungum og vöruúrvali
- Við búum yfir krafti, metnaði og eldmóð sem samkeppnisaðilar hræðast
- Við erum fljót að taka ákvarðanir og látum hlutina gerast
- Við hugsum alltaf án takmarkana



## MARKMIÐ 2015

- 1 Að gera þjónustusamning um læknisþjónustu og ráðgjöf við Heilsuvernd. Heilsuvernd býður upp á þjónustu sem er löguð að þörfum viðskiptavina og vinnur að því að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks.
- 2 Að hlúa enn betur að ört stækkandi hópi hjólreiðamanna með því að setja upp betri búningsaðstöðu sem og að bjóða starfsmönnum uppá að skrifa undir samgöngusamning. Þannig skuldbindur starfsmaður sig til þess að nýta vistvænar samgöngur á leið til og frá vinnu og er umbun- að með styrk eða frádráttarhæfum greiðslum.
- 3 Að að fá enn fleiri til þess að taka þátt í Hjólað í vinnuna og að starfsmenn Ölgerðarinnar hjóli yfir 3000 samanlagða km í áttakinu.
- 4 Að allir starfsmenn nýti sér á einn eða annan hátt þjónustu og \*dagskrá sem í boði verður í heilsuviku Ölgerðarinnar.
- 5 Að fylgjast nánar með með þróun veikindadaga með það að markmiði að veikindadagar séu undir 3% af unnum dögum á árinu. Með bættri skráningu og greiningu á gögnum um veikindi og fjarvistir getur Ölgerðin einnig borið sig saman við önnur fyrirtæki og fengið vís- bendingar um starfsánægju.
- 6 Að fá Blóðbílinn árlega í heimsókn til Ölgerðarinnar en hann hefur hingað til verið samnýttur með öðrum fyrirtækjum í nágrenninu.
- 7 Að 100 starfsmenn taki þátt í starfaskiptum og að allir nýir starfsmenn taki þátt.





Ölgerðin fékk 3 lúðra á ÍMARK deginum 2014. Lúðurinn er veittur í 15 flokkum þar sem auglýsingar sem skarað hafa fram úr á árinu eru verðlaunaðar. Dórnafnd lítur til þess hversu frumleg, snjöll og skapandi hugmyndin að auglýsingu er og metur einnig útfærslu hennar.

Ölgerðin hlaut verðlaun í eftirfarandi flokkum

### **Kvikmyndaðar auglýsingar**

#### **Takk fyrir Malt**

Ölgerðin - Janúar Markaðshús

### **Auglýsingaherferðir**

#### **Takk fyrir Malt**

Ölgerðin - Janúar Markaðshús

### **Veggspjöld og skilti**

#### **Smint - Ísjaki**

Ölgerðin – ENNEMM




## MARKAÐURINN

Ölgerðin framleiðir og selur mikið af vörum bæði á Íslandi sem og erlendis. Fyrst og fremst skiptir máli að Ölgerðin framleiði framúrskarandi vörur sem standast þurfa væntingar neytenda hverju sinni. Því er hugsunin um gæði samofin öllu starfi fyrirtækisins, sem starfar eftir vottuðu gæðakerfi. Þá fara allir birgjar Ölgerðarinnar í gegnum sérstakt birgjamat til þess að tryggja að þeir standist kröfur Ölgerðarinnar um gæði og samfélagslega ábyrgð. Að sama skapi þykir Ölgerðinni mikilvægt að bjóða neytendum sínum upp á umhverfisvænar vörur sem stuðla að bættu umhverfi og samfélagi.

Samskipti við markaðinn eru stór hluti af starfsemi fyrirtækisins og því er nauðsynlegt að þar séu viðhöfð ábyrg vinnubrögð. Samfélagsleg ábyrgð Ölgerðarinnar í markaðsmálum snertir stóran hluta af starfsemi fyrirtækisins. Því er mikilvægt fyrir fyrirtækið að huga að því að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem vörur sem framleiddar eru í nafni Ölgerðarinnar geta haft á neytendur og auka að sama skapi jákvæð áhrif sín þar sem mögulegt er. Þetta á sérstaklega við um vörur sem talið er að höfði til berskjaldaðra hópa á borð við börn og unglina. Ölgerðin vill starfa með virkum og ábyrgum neytendum og tekur tillit til allra athugasemda sem fyrirtækinu berast. Þá vill fyrirtækið hvetja neytendur, samstarfaðila og samkeppnisaðila sína til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar, meðal annars með því að taka saman árangur sinn í málaflöknum og skýrslu um stöðu mála og framvindu verkefna honum tengdum.

Hluti af vörum Ölgerðarinnar geta haft neikvæð áhrif á heilsu fólks sé þeirra neytt í óhófi. Því setur fyrirtækið ströng skilyrði um það hvaða vörur skuli vera merktar með skýrari innihaldslýsingum en lög gera ráð fyrir til þess að neytendur séu upplýstir um áhættuna sem fylgir neyslu ákveðinna vara sem framleiddar eru í nafni Ölgerðarinnar.





## GÆÐASTEFNA

Ölgerðin hefur sett sér gæðastefnu og vinnur eftir gæðakerfi sem vottað er samkvæmt ISO 9001. Markmið stefunnar er að tryggja að starfsemi Ölgerðarinnar sé í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins en gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar. Því þarf hugsunin um gæði að vera samofin öllum aðgerðum fyrirtækisins og ávallt þarf að hafa hag og þarfir neytenda Ölgerðarinnar í huga. Til að viðhalda og efla þá gæða ímynd sem Ölgerðin hefur byggt upp stefnir fyrirtækið því að því að tryggja að:

- Vörur okkar séu fyrsta flokks og gæðum ekki fórnad.
- Vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktar aðferðir á hverjum tíma.
- Heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum við okkur fari fram úr væntingum þeirra.
- Starfsemi okkar sé í samræmi við lög og reglugerðir og að við uppfylfum þær kröfur sem gerðar eru til okkar af viðskiptavinum og hagsmunaaðilum.
- Alltaf sé leitað leiða til umbóta, því við lærum af mistökum og hugsam án takmarkana

## Gæðastjórnunarkerfi Ölgerðarinnar vottað

### - Skilvirkari ferlar og betri þjónusta

Gæðastjórnunarkerfi Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson fékk árið 2014 vottun samkvæmt ISO 9001:2008. Vottunin nær yfir vörubrún, framleiðslu, innflutning, sölu, dreifingu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins en Ölgerðin hefur frá upphafi lagt sérstaka áherslu á gæði og áreiðanleika sem og að allir ferlar og verklag sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til ISO vottaðra fyrirtækja. Gæðavottunin er því rökrétt framhald þessa starfs og miðar að því að gera sífellt betur auk þess að styðja við framtíðarstefnu fyrirtækisins um að vera fyrsta val viðskiptavina.

ISO 9001 er alþjóðlegur staðall sem notaður er til leiðbeiningar um þróun, innleiðingu og stöðugs viðhalds öflugs gæðastjórnunarkerfis. Slikt kerfi vísar til hnitmiðaðs stjórnskipulags og allra þeirra aðgerða og verkferla sem fyrirtækið beitir til að uppfylla gæðakröfur viðskiptavina sinna. Til að tryggja að kröfur viðskiptavina séu sífellt uppfylltar gerir sérhæft fyrirtæki í vottun úttekt á gæðastjórnunarkerfinu og standist fyrirtækið þá úttekt fær það ISO gæðavottun.

„Við tökum gæðamál föstum tökum og þess vegna er ánægjulegt að gæðakerfið okkar hafi hlotið vottun. Það er mikilvægt fyrir neytendur að vita að grannt er fylgst með og að eftirlitið sé öflugt,“ segir Erla Jóna Einarsdóttir, gæða- og öryggisstjóri Ölgerðarinnar.

## BIRGJAMAT

Birgjamatið er eitt helsta vopn Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og hafa jákvæð áhrif á málefni tengd samfélagsábyrgð og umhverfismálum, í gegnum virðiskeðju sína.

Þar sem innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ölgerðarinnar þá fara birgjar í gegnum sérstakt stöðumat. Staðlaður spurningalisti er sendur á birgjann og fara framkvæmdastjóri þeirra deildar sem stofna vill til viðskipta yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar, til að meta hvort hann uppfyllir kröfur Ölgerðarinnar um gæði sem og samfélagslega ábyrgð.

Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins til að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til þess að ýta undir vitundarvakningu um málefni samfélagsábyrgðar hjá þeim sem fyrirtækið verslar við.

## NEYTENDUR

Þó svo að gæðakerfi Ölgerðarinnar eigi að sjá til þess að allar vörur fyrirtækisins uppfylli þær kröfur sem markaðurinn gerir til þeirra þykir Ölgerðinni afar brýnt að bjóða auka úrval vara sem stuðla að heilbrigðari og umhverfisvænni neyslu. Eftirfarandi verkefni vann Ölgerðin að á síðasta ári til þess að stuðla að sjálfbærari neyslunum hjá neytendum sínum:

### Minnkun neysluskammta

Ákveðin neyslubreyting hefur átt sér stað á síðustu árum, neytendur kjósa í auknum mæli minni umbúðir frekar en stórar. Ölgerðin hefur alla tíð verið í fararbroddi og ýtt undir þessa þróun til að mynda með því að vera fyrsti framleiðandinn sem bauð upp á 0,33 l plastflösku, svokölluð kríli. Árið 2014 var bætt enn frekar við vöruframboði í krílum þegar Sítrónu Kristall bættist við vöruflórana.



### Aukið framboð sykurlausra vara

Þróun á gosdrykkjamerkaði sýnir glögg að neytendur velja í auknum mæli hollari kosti en áður. Til dæmis hefur markaður með sykraða gosdrykki dregist saman undanfarin ár á meðan neysla á sykurlausu gosi og vatni eykst. Ölgerðin heldur áfram að svara þessu kalli og kynnti til dæmis grænan Floridana safe til leiks árið 2014 sem svar við þessum þörfum.

### Merkingar matvæla

Ný reglugerð um **GDA** merkingar matvæla tók gildi á árinu 2014. Ölgerðin uppfærði næringargildi á sínum afurðum og gekk í raun lengra en reglugerðin krafðist með því að merkja heildarfjölda hitaeininga í hverri einingu en ekki aðeins í

hverjum skammti. Þetta veitir neytendum mun betri upplýsingar þar sem þeir geta séð á örskotsstundu raunverulegt magn hitaeininga og sykurs í 0,5 l gosflösku án þess að þurfa að reikna nánar.

### Svansmerking

Mjöll Frigg, dótturfélag Ölgerðarinnar, fékk Svansmerkinguna á nokkrar nýjar vörur á árinu. Núna hafa bæði Milt fljóttandi þvottaefni og Glitra uppþvottavélátöflur hlotið þetta opinbera umhverfismerki Norðurlandanna. Einungis vörur sem uppfylla ströngustu skilyrði gagnvart umhverfi og heilsu öðlast þessa vottun.

### Áfengi

Ölgerðin vill stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi. Því er t.a.m. brýnt fyrir öllum þeim sem heimækja Bjórskóla og Vínskóla Ölgerðarinnar hvernig umgangast skal áfengi af ábyrgð. Árið 2014 sátu alls 7795 nemendur Bjórskólann og Vínskólann og hafa rúmlega 15 þúsund nemendur setið skólana síðastliðin 5 ár.



## Borg Brugghús margverðlaunað á alþjóðlegri bjórverðlaunahátíð í Berlín

Hin árlegu Global Craft Beer Awards fóru fram í Berlín í lok júlí 2014 og það má með sanni segja að bjórnir frá Borg Brugghús hafi komið, séð og sigrað. Hrepptu þrír þeirra gullverðlaun og einn silfur, hver í sínum flokki. Alls voru 68 brugghús sem kepptu, héðan og þaðan úr heiminum og voru þau með um 200 bjórtegundir skráðar til leiks. Allir dómara eru annað hvort bjórbruggarar og/eða bjórframleiðendur og gerast því tæplega meiri sérfræðingar.

„Þetta er afar skemmtilegt og gaman að fá þessar viðurkenningar sem byggðar eru á áliti kollega víðsvegar að úr heiminum“

segir Valgeir Valgeirsson, bruggmeistari hjá Borg brugghús.

**Borg brugghús er svo sannarlega búið að skapa sér nafn sem eitt af bestu sjálfstæðu brugghúsum í heimi.**

**Brío hlaut enn ein gullverðlaunin í flokki Pilsnera en þau eru orðin allmörg sem bjórinna hefur hlotið á sinni stuttu ævi.**

Meðal verðlauna Brío eru gullverðlaun á World Beer Awards og einnig í World Beer Cup, stærstu bjórkeppni heims. Sala á Brío hefur aukist gríðarlega hérlandis undanfarið auk þess sem útflutningur er í þó nokkrum vexti. Stærsti markaður Brío erlendis er í Kanada og er hann nú fáanlegur í flestum stærri fylkjum landsins. „Útflutningur á Brío gengur vel og hefur vaxið mun hraðar en við áætluðum. Ennfremur má búast við Brío inn á fleiri markaði með haustinu. Við viljum þó flýta okkur hægt í þessu og vanda til verks, gæðin skipta öllu máli og því mikilvægt að ná utan um vöxtinn hverju sinni.“ segir Valgeir.

**Garún Nr. 19 var talin skara fram úr í flokki Imperial Stout.**

Garún nr.19 er fyrsta konan í Borgarfjölskyldunni. Garún var upphaflega brugguð fyrir Bandaríkjamarkað og fékkst einungis þar fyrstu mánuðina, íslenskum bjóráhugamönnum til



mikillar mæðu. Ölið fór svo loks í sölu í Vínúðum hérlendis, sem og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fyrr á þessu ári. Garún hefur hlotið frábærar viðtökur erlendis og hérlendis og vann á vordögum verðlaun á Bjórhátíðinni á Hólum þar sem hún var valin bjór hátíðarinnar. Garún er hvorki meira né minna en 11,5% Stout sem er tvígerjað afbrigði af Imperial Stout sem, ásamt íslenska vatninu, gefur þessum kvenskörungi ferskara og mýkra bragð. Garúnu fæst á Íslandi og í Bandaríkjunum, svo og á völdum stöðum í Danmörku, Svíþjóð og Eistlandi. Þá er fyrsta sending af bjórnum þegar lögð af stað til Kanada þar sem sala hefst á honum í haust.

**Í flokki IPA (India Pale Ale) vermdi Úlfur nr.3 sigursætið.**

Úlfur hefur undanfarin ár verið einn allra vinsælasti sérbjór landsins og selst reglulega upp í Vínúðum og á helstu börum. „Úlfur er ágætis mælikvarði á þá breytingu sem hefur átt sér stað á bjórmarkaðinum hér heima á stuttum tíma. Þegar hann var fyrst bruggaður fyrir um 3,5 ári síðan þótti hann gríðarlega framsækinn og flestir grettu sig illilega við smökkun og helltu rest. Í dag er þetta eitt vinsælasta ölið á landinu.“





### Bjórinn Myrkvi nr. 13 hrepti silfurverðlaunin í flokki súkkulaði- og kaffibjóra.

Sérstaða Myrkva byggir á því að sér-ristað kaffi frá Reykjavík Roasters er notað í bruggunina. Kaffið kemur frá Kolumbíu, nánar tiltekið kaffibóndanum Regulo Martinez í Huila. Myrkvi er því spennandi og dularfullt Porter öl með mjúkum kaffitónum og keim af súkkulaði og karamellu. Hreinræktað sælgæti með finustu steikinni og sætasta eftirréttnum auk þess að vera skuggalega góður einn og sér!



### Snorri og Garún vinna til verðlauna

Bjórarnir frá Borg brugghús héldu áfram að sópa að sér alþjóðlegum verðlaunum en Garún nr. 19 og Snorri nr. 10 lentu á palli í European Beer Star keppninni sem haldin var í München þann 12. nóvember 2014. Alls voru 1.613 bjórar frá 42 löndum skráðir í keppnina í ár, sem haldin er af Samtökum óháðra brugghúsa í Bæjaralandi og Samtökum óháðra brugghúsa í Þýskalandi (Private brauereien Bayern og Private brauereien Deutschland) og er talin ein sú virtasta í heiminum. Mörg af stærstu og virtustu brugghúsum heims taka þátt í European Beer Star. „Með því að veita European Beer Star verðlaunin viljum við auðkenna

bjóra sem eru sérstakir, með skýr karaktereinkenni og skara fram úr í bragði og gæðum,“ er haft eftir Dr.Werner Glosner, forstjóra Samtaka óháðra brugghúsa í Þýskalandi, í tilkynningu.

### Eins og ölið hans Snorra

Bruggmeistarar Borg eru að vonum í skýjunum með velgengni Garúnar og Snorra í European Beer Star. „Við erum að sjálf-sögðu agalega ánægðir með þetta. Gamnan að fá enn eina staðfestingu á ágæti Garúnar og enn fremur frábært að fá þessa viðurkenningu á Snorra. Það er tæplega til íslenskar bjór þar sem eingöngu er notað íslenskt bygg og hann er kryddaður með lífrænu blóðbergi úr Aðaldal,“ segir Valgeir Valgeirsson, bruggmeistari hjá Borg brugghús. „Snorri vísar til Snorra Sturlusonar sem sagður er hafa haldið úti umtalsverðri ölgerð á sínum tíma og var

hugmyndin að brugga öl eitthvað í ætt við það sem hann gæti hafi gert. Nafni hans er því ósíaður og með þessi séríslensku hráefni sem líklegt er að hann hafi gripið til. Það má því segja að þetta sé sérstaklega íslenskur sigur,“ segir Valgeir.

Garún fékk silfrið í flokki Imperial Stout og Snorri hlaut sjálft gullið í flokki jurta og kryddaðra bjóra (herbal and spice beers).





## MARKMIÐ 2015

- 1 Árið 2015 sækist Ölgerðin eftir að fá vottun samkvæmt ISO 22000 staðlinum. Staðallinn er alþjóðlegur staðall sem skilgreinir kröfur til stjórnkerfis fyrir öryggi matvæla og byggir á forvörnum, greiningu mikilvægra stýristaða, stjórnun, upplýsingaflæði og framförum. Með auknum kröfum á áhættugreiningu, merkingar og að tryggja upplýsingar og öryggi neytenda erum við stöðugt að bæta okkur. Við höfum unnið lengi að þessum umbótum og leggjum áherslu á að fá vottun samkvæmt ISO 22000 til að fá skilvirkni fyrirtækisins í þessari vinnu viðurkennda.
- 2 Að auka framboð af heilsusamlegum vörum.
- 3 Bæta við framboð á minni neyslustærðum líkt og gert hefur verið með krílin.
- 4 Að enn fleiri vörur verði Svansvottaðar árið 2015.



### Gunnlaugur Einar Briem, framkvæmdastjóri vörustjórnunarviðs

Gunnlaugur hefur starfað hjá Ölgerðinni frá því 1995. Fyrst í sumarvinnu í áfyllingum og síðan í sölu. Frá árinu 2000 vann hann í almennum störfum í vörustjórnun ásamt þróun og uppbyggingu á vörustjórnunarviði sem var þá ekki til staðar. Árið 2002 tók hann við sem innkaupastjóri og svo vörustjóri sameinaðs fyrirtækis Ölgerðarinnar og Danól. Gulli hefur frá 2010 verið framkvæmdastjóri Vörustjórnunarviðs.

#### Sýn Gulla á Ölgerðina:

„Það sem mér finnst einkenna Ölgerðina eru gildin okkar og keppnisskapið. Mér finnst þetta vera skemmtilegur og lifandi geiri sem við störfum í og oft veit maður ekkert hvernig næsta vika verður. Það eru alltaf nýjar áskoranir sem maður er að vinna við í samstarfi við frábært starfsfólk. Það erum við, starfsfólkið, sem skapar Ölgerðina eins og hún er og það er frábært að vera hluti af þessum hópi. Fyrirtækið heldur sér mjög unglegu þrátt fyrir 100 ára aldurinn og má segja að þetta sé allt annað fyrirtæki en það sem ég byrjaði hjá fyrir nokkrum árum en það sem hefur ekki breyst er drifkrafturinn og keppnisandinn sem hefur einkennt fyrirtækið allan minn tíma hér.“

## SAMFÉLAGIÐ

Ölgerðin hefur í yfir eina öld starfað í sátt við íslenskt samfélag. Ölgerðin er stór vinnustaður og hefur mikið hreyfiafl í samfélaginu því þykir það mikilvægt að fyrirtækið leggi sitt af mörkum til þess að efla samfélagið með stuðningi við fjölbreytt málefni. Ölgerðin styður við bakið á verkefnum og félögum sem tengjast íþróttum, góðgerðarmálum, menningu og menntamálum, ýmist með fjárframlagi eða þátttöku starfsmanna sinna.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á samfélagsverkefni sem miða að því að auka hreyfingu barna og ungmenna með fjárveitingum og samstarfsverkefnum til íþróttafélaga og í æskulýðsstarfs.







Stjarnan, sigurvegarar Pepsideildar kvenna 2014.

Ölgerðin starfar náið með nemendafélögum víðsvegar um landið og aðstoðar þau við að halda félagslífi sínu fjöruðu en þar að auki tekur fyrirtækið á móti um 40-50 grunnskólanemum á ári hverju og kynnir þau fyrir starfsemiinni. Þannig hafa nemendur tækifæri til að koma í starfsnám í 1 - 2 daga til Ölgerðarinnar og fræðast um hin ýmsu störf sem eru unnin þar og taka þátt í þeim.

Ölgerðin leggur mikið út úr góðu samstarfi við Háskólana á Íslandi enda tengsl atvinnulífsins, menntunar og nýsköpunar mikilvæg allri samfélagslegri þróun. Árið 2014 tók Ölgerðin til dæmis þátt í yfir tuttugu verkefnum á háskólastigi. Ölgerðin býður einnig upp á vísindaferðir þar sem nemendum í háskólum er boðið í heimsókn eina kvöldstund, fyrirtækið er kynnt um leið og þeir fá að bragða ýmsar vörur. Árið 2014 komu yfir 1000 nemendur í vísindaferðir í Ölgerðina.

## ÞEKKINGARFYRIRTÆKI ÁRSINS

Ölgerðin var valin þekkingarfyrirtæki ársins 2014 af Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Í rökstuðningi dómnefndar segir að Ölgerðin sé með einstaklega skýra stefnu og hafi náð eftirtektarverðum árangri í starfsemi sinni. Stefnan endurspeglar mikinn metnað en um leið sé stigið varlega til jarðar og þess gætt að fyrirtækið færist ekki of mikið í fang.

„Ölgerðin er til fyrirmyndar í stjórnarháttum og fékk t.a.m. jafnlaunavottun VR á sl. ári og vinnur að því að jafna kynjahlutfall innan fyrirtækisins. Könnun á ánægju starfsmanna er framkvæmd fjórum sinnum á ári og hafa niðurstöður verið góðar. Hvað varðar samfélagslega ábyrgð þá er starfandi samfélagsstjóri innan fyrirtækisins sem sinnir málaflokknum. Á síðasta ári voru 100 verkefni tengd samfélagsábyrgð í gangi, m.a. á sviði umhverfismála og samfélagsmála.

Þáttur rannsókna og þróunar hefur verið stór þáttur í starfi Ölgerðarinnar síðastliðin 100 ár og að sögn stjórnenda samofin starfsemi allra deilda fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á nýsköpun bæði hvað varðar vöruþróun og innri ferla. Það er eitt af markmiðum fyrirtækisins að ákveðið hlutfall af veltu sé af nýjum vörum,“ segir m.a. í rökstuðningi dómnefndar.





## SAMFÉLAGS- VERKEFNI

Fyrir um tveimur árum síðan hóf Ölgerðin samstarf við Vinnumálastofnun, Proactive og Festu þar sem leitast er við að ráða fólk til Ölgerðarinnar sem hefur verið lengi á atvinnuleysissskrá og er við það að missa bótarétt sinn. Síðan verkefnið fór í gang hafa tugir einstaklinga hafið störf hjá fyrirtækinu sem þykir ánægjulegt að geta veitt atvinnulausum tækifæri sem þeir fá ekki annarsstaðar.

Önnur dæmi um verkefni sem Ölgerðin er stolt af að taka þátt í eru til dæmis:

### SÁÁ

Landsbjörg

Hjálparveitir

Mæðrastyrksnefnd

Fjölskylduhjálp

Krabbameinsfélagið

Barnaspítali Hringins

UNICEF

## Ölgerðin lagði

# 94 milljónir

## í samfélags- verkefni 2014:

### 57.000.000

til íþróttá- & æskulýðsmála

### 23.000.000

í styrki til góðgerðarmála

### 14.000.000

til menningarmála





### Brynjar Freyr Valsteinsson, sölustjóri

Brynjar hefur fengist við ýmislegt hjá Ölgerðinni á þeim 10 árum sem hann hefur unnið hjá fyrirtækinu. Hann byrjaði sem sölumaður á landsbyggðinni, færði sig svo í sölu á höfuðborgarsvæðinu. Á tímabili var hann sölustjóri fyrir Mjöll Frigg og er nú sölustjóri í stórmörkuðum þar sem hann heldur utan um marga af okkar stærstu viðskiptavinum.

#### Sýn Brynjars á Ölgerðina:

„Ég er ótrúlega stoltur af því að vinna hjá Ölgerðinni. Mér finnst þetta ótrúlega flott fyrirtæki með frábærar vörur. Það sem mér finnst gera stemninguna hér sérstaklega góða er starfsfólkið. Þetta er ótrúlega samheldin og jákvæð liðsheild sem vill vera best í því sem hún gerir. Jákvæðnin kemur frá fólkinu sem vinnur hér, það er klárt.“

## MARKMIÐ 2015

Það er Ölgerðinni afar mikilvægt að geta látið gott af sér leiða varðandi uppbyggingu á betra samfélagi. Stefna fyrirtækisins er þó ekki að ausa fjármunum í hvert það góðgerðarstarf sem kemur kallandi, heldur að einbeita sér að því að nýta þá styrkleika sem fyrirtækið býr yfir til þess að auka hagsæld í landinu. Hluti af þessu starfi fer fram í gegnum styrki til menningar og fræðslumála en stór hluti þess fer einnig fram í gegnum sjálfbóðaliðastarf eða gjafir á vörum fyrirtækisins þar sem þeirra er þörf.

Markmið Ölgerðarinnar í samfélagsmálum er fyrst og fremst að finna þá samlegð með samfélagi sínu sem aukið getur hagsæld til langs tíma. Einu gildir hvort um er að ræða matargjafir, auglýsingastyrki, fjárveitingar eða tækifæri fyrir atvinnulausa svo lengi sem unnið er að langatíma verkefnum, til hagsældar fyrir samfélagið allt.







## UMHVERFIÐ

Umhverfismál skipta Ölgerðina miklu máli og koma við sögu í öllum aðgerðum fyrirUmhverfismál skipta Ölgerðina miklu máli og koma við sögu í öllu starfi. Stefna Ölgerðarinnar í umhverfismálum er að vinna stöðugt að endurbótum með það að markmiði að lágmarka áhrif fyrirtækisins á umhverfið.

Þetta er gert með því að kortleggja og meta þá þætti sem starfsemi Ölgerðarinnar hefur áhrif á. Í kjölfar þeirrar vinnu er stefna fyrirtækisins í umhverfismálum uppfærð og unnið að markmiðum sem miða að því að Ölgerðin sé til fyrirmyndar í sínum umhverfismálum.

Því til viðbótar er stöðugt unnið að því að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi verndunar umhverfisins í starfi sínu, flokki sorp og forðist alla sóun hráefna og umbúða. Einnig er leitast við að nota umhverfisvæn efni, og minnka notkun umbúða, orku og vatns í starfsemi.

## Eftirfarandi verkefni hefur Ölgerðin sett í forgang þegar að umhverfismálum kemur:

### PAPPÍRSLAUS VIÐSKIPTI

Undanfarin misseri hefur Ölgerðin lagt mikið upp úr því að minnka fjölda útprintaðra blaða þar sem slíkt hefur slæm áhrif á umhverfið og hefur einnig mikinn kostnað í för með sér. Milli árána 2013 og 2014 minnkaði notkun skrifstofupappírs hjá fyrirtækinu um 65 kg. Tvær megin ástæður liggja að baki þessum árangri. Annars vegar hefur Ölgerðin lagt mikla vinnu í að geta stundað pappírslaus viðskipti með því t.d. að senda reikninga rafrænt til viðskiptavina og hins vegar var tekið í notkun nýtt notendastýrt prentkerfi á árinu sem kemur í veg fyrir mikla óþarfa útprintun.


### DREGIÐ ÚR NOTKUN PLASTS

Öll bretti í vöruhúsi Ölgerðarinnar þurfa að vera plöstuð af öryggisástæðum. Af sömu ástæðu þarf að plasta öll bretti áður en þeim er dreift til viðskiptavina. Ölgerðin leggur sig fram við að minnka notkun á plastieins og hægt er án þess þó að fórna öryggi. Um 4% minna plast var notað fyrir hverja pöntun á milli ára. Fór það úr 520 grömmum niður í 500 grömm.

### VATNSNOTKUN

Ölgerðin notaði árið 2014 rúmlega 124 milljónir lítra af heitu vatni. Notkun milli ára minnkaði um 0,5% eða 565 þús. lítra á milli árána 2013 og 2014 eða sem samsvarar rúmmáli Árbæjarlaugarinnar.

Ölgerðin minnkaði vatnsnotkun um  
**565.000 lítra**  
sem samsvarar rúmmáli  
**Árbæjarlaugarinnar**



### RAFMAGNSNOTKUN

Ölgerðin minnkaði rafmagnsnotkun sína um 303 þús KWh á milli árána 2013 og 2014. Það er næg orka til þess að hafa kveikt á venjulegri ljósaperu í 863 ár.

### FLOKKUN SORPS

Ekkert sorp fer óflokkað frá Ölgerðinni. Sorpi er skilað til endurvinnslu í 15 flokkum, allt frá spilliefnum til lífræns úrgangs. Þrátt fyrir aukið umfang í rekstri, þá hefur sorp minnkað um 8%, úr 440.848 kg niður í 403.983 kg eða um 36.865 kg. Þetta jafngildir 320 ruslatunna fækkun.\*

Á árinu var ráðist í átak um að endurvinna betur umbúðir frá birgjum, aðallega í formi bylgjupappa. Árangurinn hefur verið glæsilegur og árið 2013 voru endurunin 69.533 kg af bylgjupappa. Árið 2014

hefur sú tala stökkið upp í 115.670 kg eða upp um 66%. Samt hefur heildar sorpmagn minnkað á milli ára. Lífrænn úrgangur hefur einnig aukist um 1.080 kg milli ára.

**Endurvinnsla  
var aukin um  
66%**  
á bylgjupappa árið 2014





## FYRSTI RAFSENDIBÍLLINN

Árið 2014 bættist fyrsti rafsendibíllinn við bílafloata Ölgerðarinnar.

Bíllinn er af gerðinni Renault Kangoo og er einn af fyrstu sendibílunum hér á landi sem alfarið er rafknúinn. Renault Kangoo EV rafmagnbílar eru 60 hestöfl og miðað við íslenskrar veðuraðstæður draga þeir allt að 120 km á rafhleðslunni. Burðargeta Kangoo EV er 610 kg, örlítið meiri en dísilbíla af sömu gerð auk þess sem staðalbúnaður er meiri.


“Þetta er eitt af mörgum verkefnum samfélagsábyrgðar innan Ölgerðarinnar, að leggja okkur fram við að draga úr mengunaráhrifum fyrirtækisins á það umhverfi sem við störfum í. Einnig er þetta í góðri samfellu við gildin okkar því eitt af þeim er hagkvæmni og við sjáum fram á að rafmagnsbíllinn muni vera ódýrari í rekstri en bíllinn sem hann leysir af hólmi.” segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

## ENDURNÝJUN BÍLA-FLOTANS OG DREGIÐ ÚR OLÍUNOTKUN

Ölgerðin endurnýjar töluverðan hluta bílafloata síns á hverju ári. Sparneytni er ávallt höfð að leiðarljósi við val á bílum. Það sést greinilega þegar horft er á eldsneytisnotkun Ölgerðarinnar undanfarin ár. Eldsneytisnotkun minnkaði um 8,6% frá síðasta ári og hefur minnkað um 12,2% frá árinu 2011. Þetta á sér stað þrátt fyrir að Ölgerðin sé í miklum vexti á þessu tímabili.

# Ölgerðin minnkaði notkun á eldsneyti um 8,6% þrátt fyrir vöxt

## Eldsneytisnotkun





**Guðlaugur Þór Böðvarsson** hefur unnið hjá Ölgerðinni í 4 ár en hann sér um endursmíði bretta og viðhald tækja í vöruhúsi. Helstu áhugamál Gulla, fyrir utan vinnu eru ferðalög, fjölskyldan og ljósmyndun.

## ENDURVINNSLA Á RAFTÆKJABÚNAÐI

Ölgerðin leggur sig fram við að nýta allan raftækjabúnað sem til fellur hjá fyrirtækinu, annaðhvort í heilu lagi eða sem íhlut. Það sem ekki er mögulegt að nýta er sent í Fjölsmiðjuna sem sér um að rífa búnaðinn niður fyrir Efnamóttökuna.

## DREGIÐ ÚR NOTKUN NAGLADEKKJA

Ölgerðin mælist til þess að bílar fyrirtækisins séu ekki á nagladekkjum. Mikil vitundarvakning hefur verið meðal starfsmanna á þessu sviði undanfarin ár og nú er svo komið að flestir bílar eru á heilsársdekkjum. Einhverjir bílar eru þó áfram á nagladekkjum yfir vetrartímann, þar sem margir starfsmenn Ölgerðarinnar ferðast út á land á hverjum degi til að þjónusta sína viðskiptavini. Öryggi þeirra kemur í veg fyrir að hægt sé að koma alfarið í veg fyrir notkun á slíkum dekkjum.

---

**Við endurnýttum  
2.000 tonn  
af viði árið 2014**

---

## ENDURVINNSLA BRETTA

Á hverju ári fara tugþúsundir bretta í gegnum starfsemi Ölgerðarinnar sem vega samtals hátt í 2000 tonn. Öll bretti sem Ölgerðin notar eru margnota og endursmíðuð ef þörf þykir og því er litlu sem engu hent.



## Sjálfbær bjórframleiðsla

Einn af þeim vöruflokkum sem Ölgerðin er hvað þekktust fyrir að framleiða og selja er bjór og léttöl. Eftir að Ölgerðin fór að skoða hvernig hægt væri að endurnýta meira en bara pappír, hefur ýmsum áhugaverðum verkefnum verið hrundið af stað í tengslum við sjálfbærari bjórframleiðslu.

Ölgerðin leitar stöðugt leiða til þess að nýta orkuna og hráefnið sem fer í framleiðsluna betur, en eftirfarandi verkefni eru þau sem staðið hafa uppúr varðandi sjálfbærni í bjórframleiðslu fyrirtækisins:



### Kolsýra

Kolsýru, sem verður til við gerjun við bjórframleiðslu, er safnað og hún nýtt til gosframleiðslu. Um 80% af kolsýru bjórframleiðslunnar er nú endurnýtt og hefur sú söfnun aukist síðastliðið ár. Með því að endurnýta framleidda kolsýru minnkum við útblástur gróðurhúsalofttegunda.



### Varmi

Mikil umframvarmi er óhjákvæmilegur fylgifiskur bjórframleiðslu. Í stað þess að láta þennan mikla varma fara til spillis þá er hann nýttur til þess að hita upp vatn sem leitt er út á bílplan fyrir utan höfuðstöðvarnar. Þar bræðir hann snjó af bílplani vörudreifingarinna um leið og heitavatsreikningurinn lækkar og öryggi starfsmanna í vörudreifingu eykst.



### Byggjrat

Gríðarlegt magn af byggi fer í að framleiða góðan bjór. Hinsvegar þykir byggjrat ekki fýsilegt til manneldis. Byggjrat er því safnað saman og það endurnýtt í fóður fyrir húsdýr. Árið 2014 voru 425 tonn af hrati endurnýtt í fóður og hefur magnið aukist jafnt og þétt undanfarin fimm ár.

## MARKMIÐ 2015

- 1 Að koma upp grænu bókhaldi þar sem hægt er að fylgjast með árangri í þróun lykilorða í umhverfismálum Ölgerðarinnar á milli ára.
- 2 Minnka eldsneytisnotkun með markvissri þjálfun bílstjóra og sparneytnari bílafloata.
- 3 Skoða hvernig minnka megi plastmagn sem notað er í flöskur undir drykkjarföng.
- 4 Draga úr notkun á köldu vatni um 2% fyrir hvern framleiddan lítra.
- 5 Draga úr notkun á rafmagni um 7%
- 6 Að draga úr notkun á skrifstofupappír um 50 kg.





## LOKAORÐ

Í þessari skýrslu gerir Ölgerðin grein því hvernig fyrirtækið skynjar sína samfélagslegu ábyrgð og sinnir þeim verkefnum sem henni tengjast. Ölgerðin er sífellt að læra að sinna málaflokknum betur og horfir til alþjóðlegra viðmiða um samfélagslega ábyrgð sem þáttakandi í Global Compact Sameinuðu Þjóðanna. Þetta samstarf hefur það í för með sér að þau fjögur viðfangsefni sem Global Compact hefur skilgreint sem lykilþætti samfélagslegrar ábyrgðar; umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindi og spilling, ásamt grunngildum Ölgerðarinnar eru notuð við að ramma skýrsluna inn.

Ölgerðin styðst við ýmis tól til þess að halda utan um starf sitt á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Má þar nefna Global Compact, GRI (Global Reporting Initiative) og ISO 26000 staðal um samfélagslega ábyrgð.

Samstarf Ölgerðarinnar við Festu og önnur fyrirtæki sem hafa samfélagslega ábyrgð í fararbroddi er þó án nokkurs vafa það sem mestu máli skiptir í starfi sem þessu. Það er því von Ölgerðarinnar að þessi skýrsla hvetji önnur fyrirtæki til þess að sýna samfélagslega ábyrgð sína í verki.



# SKIPURIT ÖLGERÐARINNAR





2015